

Skýrsla æskulýðsdeildar hestamannafélagsins Skagfirðings



Vetrarstarf hestamannafélagsins Skagfirðings gekk vel veturinn 2019-2020 fram að Covid-19 en þá lagðist niður öll kennsla.

Kennsla fór fram á tveimur stöðum; reiðhöllinni Svaðastöðum á Sauðárkróki og Varmalæk II. Reiðkennarar voru Heiðrún Ýr Eymundsdóttir, Elín Rós Sverrisdóttir, Inken Lúdemann og Jóhanna Heiða Friðriksdóttir allar með reiðkennaramenntun frá Hólaskóla.

Æskulýðsstarfið hefur boðið upp á fjölbreytt námskeið og viðburði yfir vetrarmánuðina og hefur það verið vel sótt. Markmið Æskulýðsdeildar Skagfirðings er að bjóða upp á fjölbreytt, metnaðarfull og skemmtileg hestanámskeið fyrir börn og unglinga með nýliðun að leiðarljósi. Við höfum verið dugleg að bjóða upp á byrjendanámskeið og ásetu - og jafnvægisnámskeið þar sem nemendur mæta bara með hjálm og hefur það mælst vel fyrir. Við ákváðum að breyta aðeins til í vetur og byrja starfið fyrr, þ.e. Helgarnámskeið og vikunámskeið byrjuðu í nóvember og héldu svo áfram eftir áramót og mældist það vel hjá foreldrum og börnum. Einnig var nýjung að helgarnámskeiðið var alla laugardaga en ekki aðra hverja helgi þá laugardagur og sunnudagur.

Byrjendanámskeið

Í september 2019 var boðið upp á reiðnámskeið fyrir byrjendur í reiðhöllinni Svaðastöðum. Var námskeiðið fjóra daga. Börnum voru útvegaðir hestar, reiðtygi og hjálmar. Vel var mætt á námskeiðið og mikið um nýja meðlimi sem eiga ekki hesta sem sýnir fram á það að Skagfirðingi vantar félagshesthús við reiðhöllina til að fá meiri nýliðun í starfið og geta boðið upp á námskeið fyrir þá sem eiga ekki hesta sjálf.

Ásetu - og jafnvægisæfingar

Mánaðamótin október/nóvember var boðið upp á ásetu - og jafnvægisæfingar, þrír dagar í einu og tvo námskeið í boði. Þar mættu iðkendur bara með hjálm og gerðu ásetuæfingar í taumhring hjá reiðkennara. Vel var mætt á það námskeið.



Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð æskulýðsdeildar Skagfirðings var haldin í nóvember með uppskeruhátíð Hrossaræktardeildar Skagafjarðar sem tókst vel til. Hátíðin var haldin í Ljósheimum og voru veittar viðurkenningar og verðlaun fyrir þátttöku í starfinu og velgengi á keppnum og mótum sem haldin voru á árinu. Tókst hátíðin vel til og fannst krökkunum gaman að vera með þeim fullorðnu og taka þátt í hátíð með þeim.



Fræðslufundir

Í október og nóvember var boðið upp á tvo fræðslufundi fyrir börn og unglinga. Í október kom Bergrún Ingólfssdóttir með fyrirlestur um knapapjálfun sem var vel sóttur. Í nóvember kom Hinrik Þór Sigurðsson með fyrirlesturinn “Bestur þegar á reynir” sem var vel sóttur. Báðir fyrirlesturarnir voru haldnir í Tjarnabæ á Sauðárkróki.

Í nóvember byrjuðu svo helgarnámskeiðin og vikunámskeiðin.

Helgarnámskeið

Í byrjun nóvember var boðið upp á 5 helga helgarnámskeið þar sem kennsla fór fram á laugardögum milli kl.10-12. Boðið var upp á aldursskipta hópa fyrir 6-16 ára.

Námskeiðið var kennt í reiðhöllinni á Svaðastöðum og reiðkennarar voru Heiðrún Ýr Eymundsdóttir og Elín Rós Sverrisdóttir. Alls sóttu 25 börn og unglingar helgarnámskeiðin. Foreldrar teymdu undir hjá yngstu börnunum.

Í mars héldu nemendur á hestabraut FNV Fjörmót þar sem þrautabraut, pollaflokkur og barnaflokkur (ásamt fleiru) voru í boði og fjölmenntu okkar þátttakendur á það. Frábært framtak hjá FNV.

Eftir áramót hófst svo helgarnámskeiðið aftur og átti að vera til loka apríl en vegna Covid-19 þá hætti það námskeið um miðjan mars. Ákveðið var svo í maí að bjóða upp á 1 námskeið fyrir Firmakeppni Skagfirðings og var mjög góð þáttaka sem hafði þau áhrif að flestir af námskeiðinu (pollar og börn) tóku átt í Firmakeppninni.



Vikunámskeið

Vikunámskeið voru kennd á þriðjudögum og fimmtudögum 5 vikur í senn frá nóvember-apríl. Var námskeiðið kennt í reiðhöllinni á Svaðastöðum og reiðkennari var Inken Lúdemann. 6 börn sóttu námskeiðin á aldrinum 8-16 ára. Var boðið upp á þrjú 5 vikna námskeið á þessum vetri þar sem Covid-19 stöðvaði alla dagskrá um miðjan mars.

Keppnisþjálfun

Keppnisþjálfun var í boði frá febrúar - maí fyrir börn og unglinga. Þjálfara voru Þórarinn Eymundsson og Þorsteinn Björnsson. Hver tími var 30 mínútur og voru tveir iðkendur í hverjum hálf tíma. 10 krakkar sóttu keppnisþjálfun á aldrinum 10-20 ára.

Reiðskólinn Varmalæk

Á Varmalæk virkar starfið þannig að kennt er strax eftir skóla alla virka daga, mörg börnin eru svo heppin að geta nýtt skólabílinn til að komast í tíma. Hestar og reiðtygi eru á staðnum. Aðsókn var góð í vetur og mættu 30 börn frá 4 til 15 ára einu eða tvisvar sinnum í viku.

Í yngsta hópnum voru 4 og 5 ára börn sem mættu í teymingahóp, þar fengu foreldrar líkamsrækt í kaupbæti.

Nokkrir hópar voru í almennri kennslu, skipt niður eftir aldri og reynslu, og svo var 1 hópur í knapamerkjánámi.

Starfið hófst í nóvember og gekk mjög vel allt þar til þurfti að loka vegna covid. Þá reyndar var haldið áfram með bóklega kennslu á netinu og „hittist“ þar 1x í viku. Það gaf nokkuð góða raun og verðu eflaust gert aftur í vetur ef á þarf að halda.



Skýrsla æskulýðsdeildar hestamannafélagsins Skagfirðings 2020

Notast er við skráningarkerfið Nóri sem UMSS er áskrifandi að og öll aðildarfélög þess hafa aðgang af. Þar greiða foreldrar fyrir námskeiðsgjöldin og geta nýtt frístundastyrk (hvatapeninga) sem Sveitarfélagið Skagafjörður býður öllum börnum sem stunda íþróttastarf upp á að nýta sér. Frístundastyrkurinn er 25.000krónur per barn á ári.

Hefð hefur verið fyrir því að undanfarin ár að Æskulýðsdeildin gefi öllum þátttakendum í barna - og unglingastarfinu gjöf að loknu vetrarstarfi og var ákveðið að gefa einteyming þetta árið.

Unglingadeildin starfaði mikið þetta árið. Unglingadeildin sem telur 22 unglunga hefur verið starfræk í þrjú ár og er helsta markmiðið að fá ungt hestafólk í firðinum til að kynnast og taka þátt í félagsmálum og viðburðum á vegum félagsins. Hún stóð vaktina á hinum ýmsum mótum, ýmist í sjoppurekstri, ritarar hjá dómurum eða sessuleigu á Meistaradeild KS. Í þessum verkefnum sem þau tóku að sér mátti sjá þróðleikann og dugnaðinn skína frá þeim og eru þau félaginu okkar til mikilla sóma.

Fyrir hönd Æskulýðsdeildar Skagfirðings

Sara Gísladóttir

Þórarinn Eymundsson

Anna Baldvina Vagnsdóttir

Luka Dreiner

Heiðrún Ósk

Jóhanna Heiða Friðriksdóttir

Þórdís Sigurðardóttir

Hafdís Arnardóttir

Hrefna Jóhannesdóttir